

FRÉTTATILKYNNING

07 July 2025 15:32:00 GMT

ICELANDAIR: MIKIL EFTIRSPURN Á MÖRKUÐUNUM TIL OG FRÁ ÍSLANDI ÞAR SEM FARÞEGUM FJÖLGAÐI UM 20% Á MILLI ÁRA

Í júní 2025 flutti Icelandair 552 þúsund farþega sem er 7% aukning miðað við júní á síðasta ári. Það sem af er ári hefur Icelandair flutt rúmlega 2,2 milljónir farþega.

Í mánuðinum voru 35% farþega á leið til Íslands, 17% frá Íslandi, 44% voru tengifarþegar og 4% ferðuðust innanlands. Aukningin var mikil á markaðinum til Íslands þar sem farþegum fjölgaði um 20% og markaðinum frá Íslandi þar sem fjölgunin nam 19% og er það í samræmi við aukna áherslu okkar á þessa markaði. Sætanyting nam 85,1% samanborið við 83,4% í júní á síðasta ári og stundvísi var 86,8%.

Seldir blokk tímar í leiguflugi jukust um 52%. Fraktflutningar jukust um 16% miðað við júní í fyrra. Kolefnislosun minnkaði um 5% á tonnkilómetra.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Það er ánægjulegt að sjá markaðinn til Íslands halda áfram að styrkjast og fjölgaði farþegum til landsins um 20% í júní í kjölfar aukinnar áherslu okkar á markaðina til og frá Íslandi að undanfögnu. Við bættum Gautaborg við sem áfangastað í leiðakerfinu á ný eftir sjö ára hlé og í júní bættist BYKO í hóp samstarfsaðila Saga Club, vildarklúbbs Icelandair. Saga Club er stærsta fríðindakerfi á Íslandi með um 400 þúsund virka félaga og skapar mikið virði fyrir viðskiptavinum okkar bæði með söfnun og nýtingu vildarpunkta.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi

[0625 Traffic Data](#)